

**Fundargerð samstarfsnefndar  
Sambands íslenskra sveitarfélaga  
og  
Kennarasambands Íslands  
vegna Félags grunnskólakennara**

88. fundur samstarfsnefndar Kennarasambands Íslands og Sambands íslenskra sveitarfélaga vegna Félags grunnskólakennara var haldinn mánudaginn 4. mars í Borgartúni 30 og hófst hann kl. 13:00

Fundinn sátu: Þorgerður Laufey Diðriksdóttir, Hjördís Albertsdóttir og Jón Ingi Gíslason frá FG. Af hálfu Sambands íslenskra sveitarfélaga, Haukur Þór Haraldsson og Bjarni Ómar Haraldsson sem einnig ritaði fundargerð.

Þá var gengið til dagskrár:

**1. Staðan á útgáfu heildarkjarasamnings**

SNS hefur samþykkt að færa ákvæði um vinnumat sem voru í gildi til 31. júlí 2018 í fylgiskjal með kjarasamningi og því verður aðeins tilvísun í samningnum í ákvæðin. Í ljósi þessarar ákvæðrunar eru aðilar sammála um að nú standi ekkert í vegi fyrir því að koma út heildarútgáfu kjarasamningsins. Tillaga SNS um framsetningu er til skoðunar hjá FG.

**2. Grein 1.3.4, Kennarapróf jafngild til launa. – 1810012SA**

Ekki náðist samstaða um málið.

**Fulltrúar FG vilja bóka eftirfarandi kröfur og rökstuðning með þeim:**

1. Að samstarfsnefnd staðfesti að kennari, sem er með starfsréttindi á grundvelli annars kennaraprófs heldur en meistaraprófs eða annarra þeirra prófa sem talin eru upp í 2. málsgr. 4. gr. laga nr. 87/2008 og á rétt samkvæmt kjarasamningsgrein 1.3.4, eigi á grundvelli kjarasamningsgreinar 1.3.2.1 rétt til a.m.k. 8% persónuálags.
2. Jafnframt verði staðfest að fyrir hverjar 30 ECTS einingar til viðbótar kennaraprófinu eigi kennari, sem fellur undir gr. 1.3.4, að fá greitt viðbótar persónuálag samkvæmt grein 1.3.2.1, á sama hátt og kennari með starfsréttindi á grundvelli meistaraprófs.

Rökstuðningur:

Í kjarasamningi aðila með gildistíma 1. desember 2016 til 30. nóvember 2017 segir í grein 1.3.4 (kennarapróf jafngild til launa) að miða skuli við, að kennarapróf, sem lögum samkvæmt veita kennurum sömu starfsréttindi, séu jafngild til launa án tillits til þess, á hvaða tíma þau hafa verið tekin.

Nefndur kjarasamningur var framlengdur með tilgreindum breytingum með samkomulagi, með gildistíma frá 1. desember 2017 til 30. júní 2019.

Í breyttri grein 1.3.2.1 samkvæmt því samkomulagi segir að fyrir hverjar 30 ECTS einingar í háskólanámi, umfram grunnám til B.Ed prófs eða annað sambærilegt bakkalárpróf fái starfsmaður með leyfisbréf til kennslu í grunnskóla 2% persónuálag, enda nýtist námið í starfi hans, o.s.frv.

Starfsréttindi grunnskólakennara eru bundin skilyrðum um menntun sem fram koma í 2. mgr. 4. gr. laga nr. 87/2008. Eitt af fjórum skilyrðum, sem talin eru upp þar í jafn mörgum töluliðum, þurfa að vera uppfyllt. Skilyrði samkvæmt 1. tölulið er að grunnskólakennari hafi lokið „meistaraprófi frá háskóla sem hlotið hefur viðurkenningu ráðherra á grundvelli laga um háskóla, nr. 63/2006, á fræðasviði sem ráðherra viðurkennir til kennslu á grunnskólastigi.“

Bakkalárpróf jafngildir 180 ECTS einingum en meistarapróf 300 ECTS einingum, þ.e. 120 einingar umfram B.Ed. próf eða annað sambærilegt bakkalárpróf. Réttindakennari með meistarapróf, sem er lágmarksskilyrði starfsréttinda samkvæmt tilvísuðu lagaákvæði, á rétt á að lágmarki 8% persónuálagi samkvæmt tilvísaðri kjarasamningsgrein 1.3.2.1. Kennari sem nýtur starfsréttinda á grundvelli kennaraprófs sem telst jafngilt meistaraprófi og fellur undir gr. 1.3.4, rétt á samsvarandi persónuálagi að lágmarki.

Fyrir hverjar 30 ECTS einingar til viðbótar á kennari sem fellur undir gr. 1.3.4 að fá greitt viðbótar persónuálag samkvæmt grein 1.3.2.1, á sama hátt og kennari með starfsréttindi á grundvelli meistaraprófs.

Í fyrsta lagi felst framangreint í orðanna hljóðan greinar 1.3.4, sbr. gr. 1.3.2.1.

Í öðru lagi bendum við á að í grein 1.3.4 birtist sú hugsun og ætlun kjarasamningsaðila að kennarar, sem hafa fengið starfsréttindi á grundvelli menntunarkrafna sem í gildi hafa verið á hverjum tíma, njóti jafnréttis í launum samanborið við þá sem fá starfsréttindi síðar, jafnvel þótt menntunarkröfum hafi verið breytt. Önnur túlkun en sú sem hér hefur verið lýst fæli í sér að þessi ætlun gengi ekki eftir, auk þess að fara þvert gegn orðalagi greinarinnar.

Í þriðja lagi eru um að ræða mikilvægt réttlætismál. Önnur túlkun en hér hefur verið lýst fæli í sér að yngri kennarar nytu að öðru jöfnu, vegna breyttra laga, hærri launa heldur en þeir eldri og reyndari. Það væri mismunun andstæð kjarasamningnum og því sem aðilar hans standa fyrir.

Í fjórða og síðasta lagi er bent á að löng hefð er fyrir ákvæði eins og í gr. 1.3.4 í kjarasamningum kennara, sem er mikilvæg af framangreindum ástæðum. Það færi þvert gegn hefðinni ef þeir, sem falla undir gr. 1.3.4, yrðu lakar settir í launum heldur en aðrir.

### **Fulltrúar SNS vilja bóka eftirfarandi:**

Fulltrúar SNS í samstarfsnefnd hafna kröfum Félags grunnskólakennara sem fram koma í töluliðum 1 og 2, bókun félagsins og rökstuðningi.

Vegna töluliðar 1, kröfu FG byggða á grein 1.3.2 um kennarapróf jafngildi til launa:

SNS áréttar að greinin hafi haft þann tilgang þegar hún var skrifuð að tryggja kennurum jafnstöðu á þeim tíma sem kennaranám var flutt af framhaldsskólastigi yfir á háskólastig. Þá hafnar SNS því að í dag sé um mismunandi launasetningu að ræða þegar fyrir liggur að samkvæmt kjarasamningi er öllum kennurum raðað í launaflokk 233 óháð því hvort starfsleyfi/leyfisbréf fékkst að loknu B.ed. prófi eða M.ed. prófi.

Í kjarasamningi, greinum 1.3.2.1 og 1.3.2.2, er síðan fjallað um hvernig kennarar geta fengið launalegan ávinning með því að ljúka viðbótarnámi. Samkvæmt nýju menntunarákvæði, grein 1.3.2.1 um persónuálag vegna viðbótarmenntunar, er ávinningurinn sá sami hvort sem viðbótarnámið er grunn- eða framhaldsnám á háskólastigi enda einungis skilyrt að hafa lokið ECTS einingabæru námi við háskóla.

Þá harmar SNS þá afstöðu FG að það þyki með öllu eðlilegt að hækka laun ríflega 90% félagsmanna um 8 % án þess að þeir hafi lokið tilskyldu námi til meistaraþrófs sem er forsenda hækkunarinnar samkvæmt gr. 1.3.2.1 í kjarasamningi. Að mati SNS felur krafan í sér gjaldfellingu á menntun og í hæsta máta vanvirðingu gangvart þeim kennurum sem lagt hafa í þá fjárfestingu í vinnu og kostnaði sem fylgir því að ljúka 120 ECTS eininga námi á meistarstigi sem almennt tekur félagsmenn um tvö ár að ljúka.

Vegna töluliðar 2, kröfu FG um breytingu á grein 1.3.2.1:

Í ljósi fyrirliggjandi ágreinings, er lítur að túlkun á menntunarákvæði kjarasamnings, liggur fyrir sú afstaða SNS að ekki verði gerðar frekari breytingar á gr. 1.3.2.1 á gildistíma kjarasamningsins.

### **3. Framkvæmd greinar 4.4.3 Lenging utan sumarorlofstíma.**

Grein 4.4.3 Lenging utan sumarorlofstíma hljóðar svo:

*”Sé orlof eða hluti orlofs tekið eftir að sumarorlofstímabili lýkur, skal sá hluti orlofsins lengjast um fjórðung. Sama gildir um orlof, sem tekið er fyrir sumarorlofstímabil, skv. beiðni stofnunar.”*

#### **Niðurstaða:**

Samstarfsnefnd er sammála um að sá hluti orlofs sem tekinn er eftir að sumarorlofstímabili lýkur lengist um ¼ hvort sem orlofstakan er að beiðni yfirmanns eða starfsmanns.

Orlof sem tekið er fyrir sumarorlofstímabil lengist um ¼ í þeim tilfellum sem orlofstakan er með þessum hætti að beiðni stofnunar/yfirmanns.

**4. Bókanir með kjarasamningi aðila undirrituðum 24. maí 2018.**

Málið rætt.

**5. Önnur mál**

Enginn önnur mál.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:30.